



Aukafundur í sveitarstjórn

50. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í íþróttahúsinu Veri, Þórshöfn föstudaginn 12. ágúst 2016 og hófst kl 12:00.

Mætt voru: Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Dagrún Þórisdóttir, Heiðrún Óladóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Karl Ásberg Steinsson, Steinunn Leósdóttir, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Halldóra Jóhanna gerir athugasemd við fundartíma, Karl Ásberg tekur undir. Aðrir gera ekki athugasemd.

Dagskrá:

1. Innsent erindi – Mögulegt samstarf sveitarstjórnar og Búseta á Norðurlandi

Lagt er fram erindi frá Búseta á Norðurlandi hvar þeim vilja er komið á framfæri að eiga viðræður við fulltrúa sveitarfélaga á NA-landi með það fyrir augum að byggja nokkurn fjölda íbúða fyrir lágtekjufólk innan lagaramma um svokallaðar “almennar íbúðir”. Í bréfinu er þess óskað að sveitarstjórn setji þessi mál á sína dagskrá eins fljótt og við verði komið með það að markmiði að vera aðili að styrkumsóknum strax frá fyrsta ári verkefnisins að því gefnu að aðilar nái saman um forsendur og tilhögun samstarfs.

Bókun:

Sveitarstjóra falið að svara bréfitara.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Karl Ásberg og Steinunn sitja hjá.

2. Bréf til Byggðarstofnunnar

Bréf lagt fram til kynningar.

Bókunn U-lista

U-listinn gerir athugasemd við að minnihlutinn hafi ekki haft aðkomu að gerð bréfsins. U-listinn vill ekki að þetta bréf sé sent út og við gerum alvarlega athugasemd við að bréfið hafi nú þegar verið sent út. U-listinn fundaði með sjávarútvegsráðherra þann 8.ágúst þar sem við óskuðum eftir aðstoð hans við að sértækur byggðarkvóti á Bakkafirði yrði aukinn til að snúa við þeirri þróun sem er.

Oddviti tekur 10 mínútna fundarhlé kl 12:05.

Fundur settur aftur 12:11.

3. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2016

Dagana 22-23.09 verður hin árlega fjármálaráðstefna sveitarfélaga haldin í Reykjavík.

Lagt er til að sveitarstjóri og oddviti sækir ráðstefnuna.



LANGANESBYGGÐ

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Karl Ásberg og Steinunn eru á móti.

Bókun U-lista

U-listinn leggur til að sveitarstjóri, skrifstofustjóri, einn frá meirihluta og einn frá minnihluta fari á ráðstefnuna.

4. Aðalfundur Eyþings

Eyþing hefur ákveðið að halda aðalfund sinn fyrir árið 2016 á Þórshöfn dagana 30.09-01.10 2016.

Bókun:

Skrifstofu falið að sjá um framkvæmd þeirra atriða er snúa að Langanesbyggð.

Samþykkt samhljóða.

5. Erindi frá Svalbarðshrepp vegna ljósleiðaralagningar

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti málið.

Svalbarðshreppur leggur til að Langanesbyggð leggi fram hlutafé í Fjarskiptafélag Svalbarðshrepps ehf.

Svalbarðshreppur gerir það að tillögu sinni að Langanesbyggð gerist aðili að Fjarskiptafélagi Svalbarðshrepps að upphæð 1.500.000.- til að tryggja að stengur verði lagður í Tungusel ásamt því að möguleiki á áframhaldandi ljósleiðaravæðing austanmegin Hafalónsár verði opin.

Bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur jákvætt í erindið, felur sveitarstjóra að ræða við oddvita Svalbarðshrepps og koma með minnisblað varðandi málið á næsta reglulega fund sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

6. Sandur – drög að kaupsamningi

Lögð eru fram drög að kaupsamningi á milli Langanesbyggðar og KNA veitinga ehf, kaupverð er 1,- kr. Í samningnum eru ákvæði um framgang uppgerðar hússins og skyldur kaupanda um samráð við sveitarfélagið hvað varðar ytra útlit þess.

Bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir framlagðann kaupsamning og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Karl Ásberg og Steinunn eru á móti.

Bókun U-lista

Sökum þess að sveitarfélaginu var gert að kaupa Sand á sínum tíma vegna ónæðis og hávaða og nálægð við athafnasvæði hafnarinnar og barsins þá telur U-listinn réttast að málið verði borið undir Umhverfis- og skipulagsnefnd og Hafnarnefnd til umsagnar og jafnframt verði tryggt að sveitarfélaginu verði ekki skylt að kaupa húsið á nýjann leik.

U-listinn lýsir ánægju sinni með framtak væntra kaupenda.



LANGANESBYGGÐ

Þorsteinn Ægir biður um 5 mínútna fundarhlé. Fundarhlé veitt kl. 12:24. Fundur settur aftur 12:33.

Bókunn meirihluta

22. júlí var samningur sendur öllum sveitarstjórnarmönnum til yfirlestrar, enginn athugasemd hefur borist um efni samningsins frá U-lista fyrr en með þessari bókunn nú. Einnig vill meirihluti sveitarstjórnar benda U-lista á að málið hefur verið reifað áður á fundum sveitarstjórnar án þess að U-listi hafi komi þá á framfæri þeim efasemdum sem í bókun þeirra nú birtist.

7. Grunnskólinn á Þórshöfn – Staða framkvæmda

Sveitarstjóri fór yfir stöðu framkvæmda við Grunnskólann á Þórshöfn, verkið hefur gengið ágætlega. Umfang verkefnisins reyndist töluvert meira en vonir stóðu til í vor. Þrátt fyrir meira umfang þá lítur út fyrir að ekki komi til verulegs fráviks hvað varðar upphaf skólaárs. Sveitarstjóri hefur verið í góðu sambandi við skólastjóra og formann fræðslunefndar á verk tíma bæði hvað varðar heildarframvindu og einstaka verkþætti. Sá hluti sem ekki verður tilbúinn í upphafi skólaárs er elsti hluti skólans, ástæða þess er bæði að vinna í honum reyndist umfangsmeiri en vonir stóðu til og vegna þess sama í öðrum hlutum skólans. Vegna þessa þá var ákveðið að leggja höfuðáherslu á svokallaða byggingu B, C og anddyri. Einnig er áhrifaþáttur að í elsta hluta hússins þarf að setja upp nýjar innréttingar, afgreiðslutími þeirra er með þeim hætti að betra var að leggja áherslu á önnur svæði skólans. Reiknað er með því að elsti hlutinn verði tilbúinn til notkunar u.þ.b. fjórum vikum eftir að hinir hlutarnir verða afhentir. Fundað hefur verið með skólastjóra og handmenntakennara vegna fyrirkomulags innréttinga o.fl. reiknað er með því að bjóða þeim til Egilsstaða til að skoða sambærileg rými og hitta innréttinga hönnuði.

Þess hefur þess verið gætt við framkvæmd fram að þessu að halda þeim möguleika opnum að loftræstikerfi verði sett upp í framhaldi. Sakir þessa þá hefur loftræstikerfi verið frumhannað og lagnaleiðir valdar, einnig hefur verið skoðaður kostnaður við að setja upp loftræstikerfi. Við þessa frumhönnun þá hefur verið miðað við að um tvívirkt kerfi væri að ræða þar sem varmi væri endurnýttur. Einnig var þetta gert með hliðsjón af skýrum óskum starfsmanna um bætt loftgæði í stofnuninni. Lagt er til við sveitarstjórn að sveitarstjóra verði falið að láta fullhanna loftræstikerfi í grunnskólanum, gera kostnaðaráætlun og leggja fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar.

Bókun: Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að láta fullgera hönnun loftræstikerfis ásamt kostnaðaráætlun og leggja fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar ásamt útfærslu á fjármögnun.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Karl Ásberg og Steinunn sitja hjá.

8. Íþróttahús Langanesbyggðar – drög að verksamningi um loftræstikerfi

Sveitarstjóri lagði fram og fór yfir drög að verksamningi um endurnýjun loftræstikerfis íþróttahúss Langanesbyggðar.

Bókun:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að ganga frá verksamningi.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Karl Ásberg og Steinunn sitja hjá.



LANGANESBYGGÐ

9. Uppgjör fyrstu 6 mánaða 2016

Sveitarstjóri lagði fram til kynningar 6 mánaða uppgjör sveitarfélagsins. Ákveðin batamerki eru á rekstri A-hluta sveitarsjóðs frá síðasta uppgjöri. Hvað varðar útgjöld þá eru mestu frávikin í launakostnaði sem hefur hækkað mikið bæði miðað við áætlun sem og samtímatekjur fyrra árs. Tekjur A-hluta hafa hækkað og eru hærri en áætlun gerði ráð fyrir en tekjur hafnarinnar eru mun lægri en samtímatekjur síðasta árs og áætlun gerði ráð fyrir.

10. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir framgang og stöðu verkefna sem ekki eru tilgreind hér að ofan.

Vegna fyrirspunar Úrskurðarnefndar um upplýsingamál hefur sveitarstjóri verið í sambandi við lögmenn Finnaþjaraðarverkefnisins og samstarfsaðila verkefnisins.

Næsta mánudag funda lögmenn sveitarfélagsins með forsvarsmönnum Heimavalla.

Ráðinn hefur verið ráðgjafi til að fara yfir tryggingamál sveitarfélagsins.

Lokið hefur verið við kaup hesthússins og unnið að gerð leigusamnings.

Verið er að mála Grunnskólann á Bakkafirði.

Í sumar hefur verið unnið að þörfu viðhaldi á skráðgarðinum á Þórshöfn.

Búið er að gera vargeyðingasamninga við refaveiðimenn og sambærileg framkvæmd er framundan varðandi minkaveiðar.

Framkvæmdir við veginn út á Font eru að hefjast núna. Ástæða þess að ekki var hafist fyrir handa er annríki verktaka.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 13:28